

**Markmið:**

Myndmennt hefur það að meginmarkmiði að þroska og þróa hæfni nemenda til að tjá sig án orða, með því að þjálfa færni þeirra í helstu táningamiðlum sjónlista s.s. að teikna, mála og leira. Lögð er áhersla á ýta undir og efla ímyndunarafl og skapandi hugsun t.d. með því að nemendur velji inntak verka sinna og/eða þann miðil sem þeir vinna í.

**Kennsluaðferðir/vinnulag:**

Myndmennt er kennd 12 til 14 nemenda hópum, 2 x 2 kennslustundir á viku, 1/5 af skólaárinu. Þess er gætt að verkefni séu fjölbreytt, t.d. að sum hver krefjist nákvæmni á meðan önnur eru beinni tjáning. Verkefni eru unnin í kennslustofunni að undanskildu skriflegu verkefni sem felur í sér að nemandinn aflar sér upplýsinga um 4 listverk á heimili þar sem hann þekkir til.

**Námsmat:**

Námsmat byggir á ýmsum myndamenntaverkefnum sem lögð eru fyrir og tengjast hæfnisviðmiðum Aðalnámskrár fyrir miðstig.

**Námsgögn:**

Veraldarvefurinn t.d. sýnikennsla á Youtube. PowerPoint-sýningar útbúnar af kennara, t.d um stíla og stefnur í myndlist. Fjölfölduð blöð útbúin af kennara t.d. sýnd aðferð við fjarvídarteikningar með einum hvarfpunkti og hlutföll í mannsandliti. Bækur og fjölbreytt tæki og tól sem hefðbundin eru í myndlistarkennslu.